



Reykjavík 10. september 2010

Til forráðamanna barna á frístundaheimilum ÍTR

Efni: Ráðstöfun Frístundakorts

Þeir forráðamenn sem hyggjast nýta sér Frístundakortið til greiðslu dvalargjalda á frístundaheimilum er bent á að ráðstöfun styrksins fer fram á Rafrænni Reykjavík-<http://rafraen.reykjavik.is/pages/>. Allar nánari upplýsingar um framkvæmd ráðstöfunar er að finna á www.fristundakort.is – Leiðbeiningar fyrir forráðamenn.

Mikilvægt er að hafa í huga að ráðstafa þarf mánaðarlega í síðasta lagi 13. hvers mánaðar vegna dvalargjalds fyrri mánaðar, þar sem gjöldin eru innheimt eftir á.

Dæmi: Ráðstöfun vegna dvalar í september 2010 skal vera framkvæmd fyrir 13. október n.k. Verði ráðstöfun ekki framkvæmd fyrir þann tíma verður ekki hægt að fella niður greiðsluseðil/boðgreiðslur fyrir viðkomandi mánuð. Nöfn barna verða skráð í Rafræna Reykjavík í kringum 20.september og þá fyrst geta forráðamenn ráðstafað styrknum fyrir þann mánuð.

Vinsamlega athugið að ekki er hægt að nýta styrkinn til greiðslu á síðdegishressingu.

Greiðsluseðlar verða sendir út með upphaflegri upphæð en ráðstafi forráðamaður styrknum fyrir tilskilinn tíma, leiðréttist upphæðin í bankakerfinu eða felld niður boðgreiðsla. **Ekki verða sendir út nýir greiðsluseðlar með lægri upphæð.**

Mikilvægt er að hafa í huga að hafi forráðamaður ráðstafað vegna september mánaðar skal hann ekki greiða greiðsluseðil vegna dvalargjalda þann mánuð fyrr en seðill hefur verið lækkaður í heimabanka.

Frístundastyrkur pr. barn í Reykjavík er kr. 25.000 á ári og geta forráðamenn barna sem fædd eru 1992-2004 nýtt styrkinn árið 2010 og 1993-2005 árið 2011.

Allar nánari upplýsingar eru veittar í síma 411 5000 og með tölvupósti á itr@itr.is